

FYLGISKJAL NR. 2006

DAGS 05.07.2005

**SAMANTEKT:**

Kaupsamningur Haraldar Skarphéðinssonar á öllum hlutum í Huldubbyggð ehf af Guðbjarti Ingibergssyni.

Þar kemur fram að hlutaféð í félaginu sé að nafnvirði 117 milljónir króna. Sagt er í grein 1 í kaupsamningnum eftirfarandi:

*„Með í kaupunum fylgja allar lóðir samtals 11 talsins í landi Hulduhóla Mosfellsbæ. Landnúmer er 200795 og stærð alls landsins er 21.488,8 fermetrar. Skipulagsuppdráttur og byggingarskilmálar liggja fyrir við undirritun kaupsamnings þessa varðandi hinar seldu lóðir“.*

Hér vekur undrun að sagt sé að byggingaskilmálar liggi fyrir við undirritun. Þann 19.05.2005 (fskj. 1037) eru afkomendur Ólafs Helgasonar að óska, með erindi Regula lögmannsstofu, að óska eftir viðræður við Mosfellsbæ varðandi ráðstofun á 5 lóðum sem höfðu verið skipulagðar. Í sama fylgiskjali má sjá bréf dags. 15.05.2005 frá Tré-Búkka ehf til Ragnheiðar Ríkharðsdóttur þar sem óskað framhaldi á fundi dags. 02.04.2005 vegna leyfis til að taka að sér hönnun og gatnaframkvæmd fyrir einbýlishúsalóðir sbr. nýsamþykkt deiliskipulag á svæðinu, og fá þar með felld niður gatnagerðargjöld.

Á fundi dags. 26.05.2005 (sjá fylgiskj. 1038) samþykkir bæjarráð (þar sem Haraldur gegndi formennsku en vék af fundi undir viðkomndi dagskrárlið) að samið verði sérstaklega um ráðstöfun lóða

